

5. gr.

33

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 10,000 kr. eða alt að 6 mánaða fangelsi, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu.

17. maí

Með mál út af brotum gegn reglugjörðinni skal fara sem almenn lög-reglumál eða sakamál.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

I stjórnarráði Íslands, 17. maí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Auglýsing.

34

24. maí

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, auglýsist hjer með að reglugjörð frá 22. apríl síðastl. um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins, gildir fyrst um sinn þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Í stjórnarráði Íslands, 24. maí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.